

REGLUGERÐ

um stafrænar landupplýsingar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum um Ísland.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

Reglugerð þessi tekur einnig til stafrænna landupplýsinga í eigu eða á vegum lögaðila sem falla undir ákvæði b-c-liðar 3. tölul. 3. gr. að svo miklu leyti sem þær verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki þeirra eða þjónustu.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir reglugerðina.

Stafrænar landupplýsingar í eigu annarra en reglugerð þessi tekur til falla undir reglugerð þessa hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 44/2011, um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnum nær reglugerðin einungis til upprunalegrar útgáfu þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar*: Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.
2. *Landupplýsingar*: Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.
3. *Stjórnvöld*:
 - a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
 - b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
 - c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. *Lýsigögn*: Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.
5. *Samhæfni*: Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.
6. *Landupplýsingagátt*: Vefsetur sem veitir aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.

4. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands fara með framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Þættir stafrænna landupplýsinga sem reglugerðin tekur til.

Í I., II. og III. viðauka við reglugerð þessa eru taldir upp þættir stafrænna landupplýsinga sem reglugerðin tekur til.

6. gr.

Landupplýsingagátt.

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgang að stafrænum landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnþjónusta sem gefur kost á að leita að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gefur kost á að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um þau, þysja inn/út, hliðra þeim eða skara.
3. Niðurhalsþjónusta sem gefur kost á að hala niður afritum stafrænna landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.
4. Vörpunarþjónusta sem gefur kost á að varpa stafrænum landupplýsingum til að samhæfni náist.
5. Þjónusta sem gefur kost á að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

Aðgangur að þjónustu skv. 1.-5. tölul. 1. mgr. skal opin og öllum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Upplýsingatexti skal vera til í íslenskri útgáfu eftir því sem unnt er. Lýsigögn öll skulu vera til í íslenskri útgáfu.

Að því er varðar þjónustuna, sem um getur í 1. tölul. 1. mgr., skal a.m.k. innleiða eftirfarandi samsetningu leitarskilyrða:

- a. lykilorð,
- b. flokkun landupplýsinga og þjónustu,
- c. gæði og réttmæti landupplýsinga,
- d. samræmi við framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 6. gr.
- e. landfræðilega staðsetningu,
- f. skilyrði sem gilda um aðgang að og notkun á landupplýsingum og -þjónustu,
- g. opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á stofnun, umsjón, viðhaldi og dreifingu landupplýsinga og -þjónustu.

Vörpunarþjónustan, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., skal sameinuð annarri þjónustu, sem um getur í 1. mgr., þannig að kleift sé að starfrækja alla þjónustuhættina í samræmi við framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 6. gr.

7. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.

Eftirfarandi gerðir sem vísað er til í I. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf, sem vísað er til í lið 1jb í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010 frá 10. nóvember 2010. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 40 frá 14. júlí 2011 - 2011/EES/40/07 bls. 84-92.

Þrátt fyrir 1. málsl. öðlast EB-gerðin gildi hér á landi með eftirfarandi viðbótum:

- a. Að því er varðar EFTA-ríkin, skal árið sem getið er í annarri undirgrein 2. mgr. 11. gr. vera hið sama og árið sem getið er í 18. gr., samkvæmt ákvæðum til aðlögunar fyrir EFTA-ríkin.
- b. Að því er varðar EFTA-ríkin, skal túlka dagsetningu sem getið er í 18. gr. þannig að hún taki til þriggja ára viðbótartímabils.

- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu, sem vísað er til í lið 1jc í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 27. september 2012 - 2012/EES/54/67 bls. 712-721.
Þrátt fyrir 1. máls. öðlast EB-gerðin gildi hér á landi með þeirri viðbót að því er varðar EFTA-ríkin að túlka skuli dagsetningar sem getið er í 4. gr. þannig að þær taki til þriggja ára viðbótartímabils.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 268/2010 frá 29. mars 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar aðgang stofnana og aðila Bandalagsins að landgagnasöfnum og -þjónustu aðildarríkjanna við samræmd skilyrði, sem vísað er til í lið 1jd í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59 frá 18. október 2012 - 2012/EES/59/06 bls. 269-270.
Þrátt fyrir 1. máls. öðlast ESB-gerðin gildi hér á landi með þeirri viðbót að því er varðar EFTA-ríkin að túlka skuli frest sem er settur í 8. gr. þannig að hann taki til þriggja ára viðbótartímabils.
- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2010 frá 23. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar niðurbætur- og vörpunarþjónustu, sem vísað er til í lið 1jc í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67 frá 29. nóvember 2012 - 2012/EES/67/04 bls. 5-14.
- e. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu, sem vísað er til í lið 1je í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67 frá 29. nóvember 2012 - 2012/EES/67/05 bls. 15-106.
- f. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 102/2011 frá 4. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu, sem vísað er til í lið 1je í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67 frá 29. nóvember 2012 - 2012/EES/67/06 bls. 107-128.

8. gr.

Innleiðing.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

- a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um notkun og miðlun landupplýsinga, sem vísað er til í lið 1j í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010.
- b. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf, sem vísað er til í lið 1jb í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010 frá 10. nóvember 2010.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu, sem vísað er til í lið 1jc í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012.
- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 268/2010 frá 29. mars 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar aðgang stofnana og aðila Bandalagsins að landgagnasöfnum og -þjónustu aðildarríkjanna við samræmd skilyrði, sem vísað er til í lið 1jd í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012.

- e. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2010 frá 23. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar niðurrhals- og vörpunarþjónustu, sem vísað er til í lið 1jc í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012.
- f. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu, sem vísað er til í lið 1je í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012.
- g. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 102/2011 frá 4. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu, sem vísað er til í lið 1je í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 10. apríl 2014.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

I. VIÐAUKI

Þættir stafrænna landupplýsinga.

1. Viðmiðunarhnitakerfi.

Kerfi fyrir tiltekna vísanir í landupplýsingar í rými, sem mengi hnita (x, y, z) og/eða breiddargráður og lengdargráður og hæðir, sem byggjast á láréttu og lóðréttu landmælingaviðmiði.

2. Landfræðileg reitakerfi.

Samræmt reitanet með breytilegri upplausn, sameiginlegum upphafspunkti og staðlaðri staðsetningu og stærð reita.

3. Örnefni.

Heiti svæða, landshluta, staða, borga, úthverfa, bæja eða byggða eða hvers konar landfræðilegar eða staðfræðilegar fitjur sem hafa opinbert eða sögulegt gildi.

4. Stjórnsýslueiningar.

Stjórnsýslueiningar, sem skipta svæðum þar sem ríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa og/eða beita lögsögu, að því er varðar stjórnun á lands-, svæðis- og staðarvísu, aðskildar með stjórnsýslumörkum.

5. Heimilisföng.

Staðsetning fasteigna sem byggist á auðkennum heimilisfanga, yfirleitt eftir götuheiti, húsnúmeri og pósthúsnúmeri.

6. Landareignir og lóðir.

Svæði sem skilgreind eru út frá fasteignaskrá eða jafngildi hennar.

7. Flutninganet/samgöngur.

Net fyrir flutninga á vegum, með járnbrautum, í lofti, á sjó og á vatnaleiðum ásamt tengdum grunnvirkjum. Tengingar milli mismunandi neta eru þar meðtaldar. Einnig telst þar með samevrópska flutningakerfið eins og það er skilgreint í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins, og síðari endurskoðunum á þeirri ákvörðun.

8. Vatnafar.

Vatnafarsþættir þ.m.t. hafsvæði og öll önnur vatnshlot og tengd atriði, þ.m.t. vatnasvið og undirvatnasvið. Eftir því sem við á, samkvæmt skilgreiningum sem settar eru fram í lögum nr. 36/2001 um stjórn vatnamála og á formi netkerfa.

9. Verndarsvæði.

Svæði sem tilnefnd eru eða stjórnað innan ramma alþjóðalaga, löggjafar Bandalagsins og aðildarríkjanna til að ná fram tilteknum verndunarmarkmiðum.

II. VIÐAUKI

Þættir stafrænna landupplýsinga.

1. Hæð.

Stafræn hæðarlíkön fyrir yfirborð lands, íss og hafs. Inniheldur hæð á yfirborði, dýptarmælingar og strandlengju.

2. Landgerðir.

Efnisleg og líffræðileg þekja yfirborðs jarðar þ.m.t. tilbúið yfirborð, landbúnaðarsvæði, skógar, lítt snert eða ósnert svæði, votlendi og vatnslón.

3. Uppréttar fjarkönnunarmyndir.

Uppréttar fjarkönnunarmyndir af yfirborði jarðar með landfræðilegum tilvísunum, annaðhvort frá gervitunglum eða öðrum skynjurum í lofti.

4. Jarðfræði.

Jarðfræði sem lýst er samkvæmt samsetningu og gerð. Inniheldur berggrunn, veiti (aquifers) og landmótun.

III. VIÐAUKI

- Þættir stafrænna landupplýsinga.
 1. Tölfræðilegar einingar.
 Einingar fyrir miðlun eða notkun tölfræðilegra upplýsinga.
 2. Byggingar.
 Landfræðileg staðsetning bygginga.
 3. Jarðvegur.
 Jarðvegur og jarðvegsgrunnur samkvæmt dýpt, hrýfni, gerð og innihaldi agna og lífræns efnis, hlutfalli steina, veðrun, meðalhallaðölu þar sem við á, og áætluðu geymslurými fyrir vatn.
 4. Landnotkun.
 Landsvæði sem lýst er samkvæmt núverandi og fyrirhuguðum starfrænum þáttum eða félagsdagfræðilegum tilgangi (t.d. íbúðasvæði, iðnaðarsvæði, verslunarsvæði, landbúnaðarsvæði, skógræktarsvæði og tómstundasvæði).
 5. Heilbrigði og öryggi manna.
 Landfræðileg útbreiðsla ráðandi meinsemda (ofnæmis, krabbameins, öndunarfærasjúkdóma o.s.frv.), upplýsingar sem gefa til kynna áhrif á heilbrigði (lífmerki, samdráttur í frjósemi, farsóttir) eða vellíðan manna (þreyta, streita o.s.frv.) sem tengjast beint (loftmengun, iðefnum, eyðingu ósonlagsins, hávaða o.s.frv.) eða óbeint (matvællum, erfðabreyttum lífverum o.s.frv.) gæðum umhverfisins.
 6. Veitur og þjónusta á vegum stjórnvalda.
 Til hennar teljast virki eins og skólplagnir, meðhöndlun úrgangs, orkuveitur og vatnsveitur, svo og stjórnsýsla og félagsleg þjónusta á vegum stjórnvalda, svo sem opinber stjórnsýsla, almannavarnarsvæði, skólar og sjúkrahús.
 7. Umhverfissvöktunaraðstaða.
 Staðsetning og starfræksla umhverfissvöktunaraðstöðu felur í sér eftirlit með og mælingar á losun, stöðu umhverfissviða og öðrum mælipáttum vistkerfisins (líffræðilegri fjölbreytni, vistfræðilegum skilyrðum gróðurs o.s.frv.) á vegum opinberra yfirvalda eða fyrir hönd þeirra.
 8. Framleiðslu- og iðnaðaraðstaða.
 Athafnasvæði iðnaðarframleiðslu, þ.m.t. mannvirki sem falla undir lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 9. Aðstaða fyrir landbúnað og lagareldi.
 Landbúnaðartæki og framleiðslutæki (þ.m.t. áveitukerfi, gróðurhús og gripahús).
 10. Mannfjöldadreifing – lýðfræði.
 Landfræðileg dreifing íbúa, þ.m.t. einkenni og atvinnustig íbúa, gögn sem safnað er saman eftir reitum, svæðum, stjórnsýslueiningum eða öðrum greiningareiningum.
 11. Svæði sem lúta stjórnun/takmörkunum/reglugerðum og skýrslugjafareiningar.
 Svæði sem er stjórnað, eru háð reglum eða notuð við skýrslugjöf á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi og á lands-, svæðis- og staðarvísu. Til þeirra teljast losunarstaðir, svæði með takmarkaðan aðgang í kringum drykkjarvatnslindir, svæði sem eru viðkvæm fyrir nitrati, merktar siglingaleiðir á hafi úti eða á víðáttumiklum innri vatnaleiðum sem eru háðar reglugerðum, svæði ætluð fyrir losun úrgangs, svæði með hávaðatakmarkunum, svæði þar sem leit og námugröftur eru leyfð, vatnasviðaumdæmi, viðeigandi skýrslugjafareiningar og strandstjórnunarsvæði.
 12. Náttúruleg áhættusvæði.
 Viðkvæm svæði sem einkennast af náttúruhamförum (öll andrúmslofts-, vatnafræðileg, jarðskjálfta-, jarðelda- og eldfyrirbæri sem, vegna staðsetningar, alvarleika og tíðni, geta haft alvarleg áhrif á samfélagið), t.d. flóð, skriðuföll og landsig, snjóflóð, skógareldar, jarðskjálftar, eldgos.
 13. Skilyrði í loftþjúpi.
 Eðlisfræðileg skilyrði í andrúmsloftinu. Tekur til landupplýsinga sem byggjast á mælingum, líkönum eða samsetningu þeirra og staðsetningar mælinga.
 14. Veðurfræðilegar landfræðifitjur.
 Veðurskilyrði og mælingar á þeim, úrkoma, hitastig, gufun, vindhraði og vindátt.
 15. Haffræðilegar landfræðifitjur.
 Eðlisfræðileg skilyrði í úthöfum (straumar, selta, ölduhæð o.s.frv.).
 16. Innhafsvæði.
 Eðlisfræðileg skilyrði í innhöfum og saltvatnshlotum sem skipt er í svæði og undirsvæði með sameiginlegum einkennum.
 17. Líflandfræðileg svæði.
 Svæði með tiltölulega einsleit vistfræðileg skilyrði með sameiginlegum einkennum.

18. Búsvæði og lífvist.

Landsvæði sem einkennast af tilteknum vistfræðilegum skilyrðum, ferlum, uppbyggingu og virkni (til stuðnings lífi) sem eru efnislegur grundvöllur lífvera sem lifa þar. Þar með teljast land- og lagarsvæði sem einkennast af landfræðilegum, ólífrænum og lífrænum fitjum, hvort sem þau eru náttúrleg eða hálfnáttúrleg.

19. Útbreiðsla tegunda.

Landfræðileg útbreiðsla dýra- og plöntutegunda, gögn sem safnað er saman eftir reitum, svæðum, stjórnsýsluciningum eða öðrum greiningareiningum.

20. Orkuauðlindir.

Orkuauðlindir, þ.m.t. vetniskolefni, vatnsorka, líforka, sólarorka, vindorka o.s.frv., ásamt hæðar- og dýptarupplýsingum um umfang auðlindanna, ef við á.

21. Jarðefnaauðlindir.

Jarðefnaauðlindir, þ.m.t. málmgrýti, jarðefni til iðnaðarnota o.s.frv., ásamt hæðar- og dýptarupplýsingum um umfang auðlindanna, ef við á.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.